

MENNING LISTIR


PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

LAUGARDAGUR 3. JÚLÍ 1993

BLAÐ **C**



„In the Land of the Elevator Girls“ eftir Steinu Vasulka.




„Art of Memory“ eftir Woody Vasulka.



„Another Day“ eftir Önnu Þorlákssdóttur.




„Compilation“ eftir Peter Bishop.




„The Zoom“ eftir Arnfinn R. Einarsson.


„Ekkert auga hefur nokkru sinni sólina litið án þess að vera sólarættar né fær sál séð fegurðina án þess að vera sjálf orðin fögur.“



„Operation Wandering Soul“ eftir Ernest Gusella.



„Wall and a Floor“ eftir Þór Elís Pálsson.



„Happenstance“ eftir Gary Hill.

Morgunblaðið/Einar Fabur

VÆNGJAF AUGA

Nýlistasafnið er undirlagt þessa dagana af myndbandalist og gerningum. Vika er búin af sextán daga dagskrá og vika enn til loka. Um 150 aðilar taka þátt í sýningu Nýlistasafnsins, þar af fæst um helmingur við margs konar gerninga. Og afleiðingarnar eru reimleikar á öllum hæðum safnsins, sem staldra óneitanlega við í kalli sjáanda:

Kona birtist, samsett út ljósútgeislan og rafeindaflokti, tré bærast í gegnum hana. Tölvunnin form ferðast gegnum hamrabelti og höf, eldfjall gýs í lyftu, svipmyndir frá innkaupaferð í fjarlægri heimsálfu breytist í martraðarkennt flug gegnum neðanjarðarheim. Í svörtu tómi springa út einföld form sem hlýða vélgengum skipunum raddar.


Hljóðrásin útvarpar áróðursræðum nasista, ljóðapulum, óskiljanlegum sönglandi eða rafeindalegri tónlist. Hér er um að ræða formræna uppstokk hins kunnuglega í umhverfi okkar. Uppstokkun sem í senn er lituð surrealisma og sjónvarpsemgun. Myndmál listasögunnar og afþreyingarinnar er togað og teygt. Myndheildirnar eru annars vegar ofhlaðnar og hins vegar strípaðar þeim þáttum sem setja þær í samhengi við önnur form. Þetta er stefnumót tegundanna og það er reynt á margt þanþolið. Allt liggur þó undir hatthvolvi myndbandalistar.

Nýlistasafnið leggur til húsnæði og frumkvæði sem er þó frekar eins og segull sem enginn veit hvaða málmhlutir festast við. „Við skrifuðum bréf til hinna 150 félaga safnsins“, segir Ragnheiður Ragnarsdóttir, en hún var fyrir skömmu ráðin sem rekstrarstjóri Nýlistasafnsins, „og reifuðum þar hugmyndir okkar að sýningu. Þetta barst síðan út og ýmsir tengiliðir erlendis voru virkjaðir til að krækja í þekktu listamann á þeim slóðum. Árangurinn kom jafnvel okkur á óvart og má segja að við höfum opnað skúffu sem listamennirnir fylltu síðan, hver á sinn hátt, og við vissum raunar lítt á hverju við áttum von. Eitt það ánægjulegasta við dagana sextán er að hér raðast saman kornungir og gamalreynðir listamenn, þannig að úr verður samkrull og tjáskipti sem eru alltaf til gagns og bóta.“ Safnið stendur einnig fyrir bókaþýningum úr einkasófnum, útgáfu sýningar-skrár, fyrirlestur og ýmsu öðru í sviðum dúr. Að sögn Ragnheiðar hefur safnið enn fremur fengið um tug myndbanda eftir heimsfræga vídeó-listamenn að gjöf, þar af eru myndverk nokkurra frumkvöðla á þessu sviði, eins og t.d. Steinu og Woody Vasulka, Gary Hill og Ernest Gusella, og á hún von á að fleiri bönd bættist við sem gætu orðið vísir að myndbandasafni innan Nýlistasafnsins.

„Viðeó-listin krefst þess að fólk horfi á hana sem list en ekki sem upplýsingastreymi eða afþreyingu, þetta er spurning um að koma með réttu glerauginum og þannig eiga einkunnarorð sýningarinnar, sem við sækjum til Plotinusar vel við: „Ekkert auga hefur nokkru sinni sólna lituð án þess að vera sólarættar né fær sál séð fegurðina án þess að vera sjálf orðin fögur.“

LJÓSID KEMUR AÐ INNAN

Myndbandalistina er hægt að rekja um þrjá áratugi aftur í tímann og sjálfstærta lengur ef menn vilja taka tilraunir með 8mm og 16mm kvikmyndatökuvélar með í reikninginn. Listin skýtur í raun fyrst rötum þegar tæknin kemst á aðgengilegt stig og stendur fleirum en fagmönnum um leiðu. Þar má nefna klippibúnað, upptökubúnað sem tekur myndir



Leikkonurhlínin (Harpa og Ásta Arnardætur og Bárna Lyngdal Magnúsdóttir) tóku þátt í gerningum síðustu helgar.

VÆNGJAD AUGA

sem hægt er að skoða svotil samtundis án tímabrekkra framköllunar, meðfærilegan hljóðbúnað o.s.frv. Áferð og edli skilaboðanna eru líka önnur. Í sjónvarpsmiðlinum er litaskalinn frábrugðinn í uppbyggingu frá því sem gerist á filmu, skermurinn sýnir rafeindapunkta en ekki myndaramma, hann er alpakinn röndum, skerpan er önnur og ljósid kemur að innan, með myndinni.

Listamenn eiga í sífelldri baráttu við efnivið listsköpunar sinnar. Menjar þeirrar baráttu hafna annaðhvort í glatkistum eða í sýningarólum í mynd sköpunar. Þegar fengist er við myndbandalist (þar sem myndbandið

er miðill og flytur skilaboð í sjálfu sér) tekst listamanninum að skáskjúta sér undan olfunni, striganum, glerinu, leinum eða öðru því hráefni sem telst hefðbundið, en getur þó samtímis virkjað þessi efni í þágu þeirrar lausnar sem hann kys verki sínu hverju sinni. Sampættling andstæðra þátta fæðir af sér ný afkvæmi og myndbandalist vaggar á jöðrum hinna ýmsu listgreina, í senn háð þeim og óháð, í senn fjóvögð af þeim og þjókuð. Sumir halda því stöðugt fram að um leið og efniviður hefur öðlast viðurkenningu á hálfu listamanna og áhorfenda sé hann úr sér genginn og rýri þar af

leiddandi verkin. Trúi menn þessu hefst leit að nýjum efnivið með nýjum eðlismassa og nýrri áferð. Myndbandalístin fyllir fljótlega þriðja áratuginn og hlýtur samkvæmt því að nálgast úreltingu, en nýtur samt þeirrar þversagnar að vera að mörgu leyti óþlæggður akur. Auk þess bjóða nýjungar í tækni upp á endurnýjun miðilsins og er þróunin stöðugt í átt til tæknilegrar fullkomunar. Myndbandalístin er þó þess vegna þeim annmörkuð háð að vera dýr í rekstri og vinnslu sem hefur leitt til þess að ýmsir erlendir forkólfar hennar hafa leitað á nádír auðmagnsins eftir sporslum og styrkjum. Kunnir vídeó-listamenn vinna verk sín vart annars staðar en í fullkomnum myndverum sem eru í eigu stórfyrirtækja eins og t.d. Sony. Fyrirtækin sækjast í raun og veru eftir samvinnu við vídeó-listamenn. Þetta er ekki eins neikvæð þróun og margur myndi áætla. Samvinnan byggist á þeirri trú fyrirtækjanna, að listamennirnir geti betur en aðrir sýnt möguleika tæknibúnaðarins og átt einnig þátt í að þróa nýjar aðferðir sem tæknimenn fyrirtækisins geti síðan nýtt fyrir „hagkvæmar lausir“.

VITUNDARFLAÐI Í MYNDUM

Erlendis hófast tilraunir í listinni gjarnan sem skrásetning á gjörningum eða uppákomum, en færðust síðan nær listamanninum. Þannig var upptökuvélinni t.d. beint að smáatriðum á líkamshlutum, ógreinanlegri hreyfingu þeirra o.s.frv. Þegar útfærslur urðu metnaðarfullri og tæknin hlóð utan um sig bótunðu vitaskuld gæði verkanna. Ný listgrein laukst upp. Verkin urðu að einhvers konar frjálsum vitundarflæði í myndum og tónum, óháð rökrænni framvindu.

Á ofanverðum 8. áratugnum vöknudu nokkrir íslenskir listamenn, flestir ungir að árum, seinlega til vitundar um möguleika vídeó-listarinnar og þess sem þegar var buið að afreka á sviði hennar. Þannig eru á milli 10 og 15 ár síðan t.d. Þór Elís Pálsson og Ásta Ólafsdóttir luku námi í fræðum tengdum myndbandalísti í Maastricht í Hollandi og stíllu fókúsin á sjónvarpsþjófinum. Þessir listamenn og aðrir þeir sem fengist hafa við vídeó-list mættu þó yfirlætt sinnuleysi landa sinna og sætir nokkurri furðu að Íslendingar hafi ekki tekið þessa listgrein upp á sína arma, miðað við ást þeirra á tækni og nýjungum. Nú eru nokkrir Íslendingar í námi erlendis sem miðast nær eingingu að öðlast verk- og tækniþekkingu á miðlinum.

TÍMI OG HREYFING

Eitt höfuðviðfangsefn myndbandalistar er tíminn. Mjög margir þeirra listamanna sem vinna með vídeó eru í leit að fallegru hreyfingu þar sem klipping og tímasetningar skipta óhjákvæmlega máli. Það er

ekki verið að búa til línulega sögu, heldur felst kjarninn í samhljómi eða myndröð breytinga, þar sem endurtekning, hreyfimyndstútur, breytilegt rými, hljóð, texti og litur eru lykilatríði.

Nálgun listamanna þar þó sterk einstaklingseinkenni og því til sönnunar má taka dæmi af nokkrum erlendum listamönnum sem eiga bönd í Nýlistasafninu:

Gary Hill er minimalískur í verkum sínum og er greinilega að smeygja einhverri hugsun í gegnum list sína, hugsun sem er afskaplega bundin orðinu, bæði hinu ritaða og talaða. Í því skyni blandar hann saman tali og texta er rekast á, leysir upp línur og orð eða ítrekar boðskapinn með einföldu og fágudu myndmáli. Peter Bishop notfærir sér möguleika teiknimynda og brúðugerð með kröftugum árangri sem ber svip af myndskreytingu við rokkmyndbönd, en Vaskula-hjónin blanda saman hversdaglegum myndum frá ýmsum heimshornum við viðsnúning flatarins, skrumskælingu hans og fleygun, ásamt margvíslegum skírskotunum í heims málin og umhverfi sitt.

EKKI VIÐ HÆFI BARNNA

En fleira er á boðstólum en myndbandagláp. Ýmislegt er líka á seyði í gerningum á dögnum sextán. Gerningar eru ævagamalt listform sem blundar annað slagið, eins og það þreytist. Formið fékk raunverulega viðurkenningu á 7. áratugi aldarinnar, þó að það hafi m.a. skotið upp kollinum í meðföllum fútúrista, dadaista og surrealista á fyrstu tugum aldarinnar. Hin líkamlega tjáning var nokkurs konar deigla hugmynda og tilrauna sem listamennirnir drögu síðan lærdóm af þegar þeir fengust við áþreifanlegri efnivið. Tilgangur gerninga, að frátöldum þeim markmiðum sem fólgin eru í sjálfri athöfninni eða framkvæmdinni, er gjarnan sá að storka stöðnuðum listformum og fletja listsköpun til fólksins. Tengsl listamanns og áhorfanda geta þannig verið milliðalaus og fela bæði túlkun í sér og yfirlýsingu án skýringa. Öll meðul eru leyfleg og er hið óvænta einn ríkasti þátturinn í gerningum, hvort sem unnið er samkvæmt handriti eða spunanum leyft að ráða ferðinni. Til gamans má geta um tvo þeirra gerninga sem framkvæmdir verða í Nýlistasafninu á næstu dögum. Listakonan Rúrí, sem var ein af brautryðjendum gerninga hérlendis en hefur ekki látið til sín taka á því sviði um allnokkurt skeið, ætlar að endurnýja forn kynni á morgun, sunnudag. Gerningur Rúrírar er ekki ætlaður börnum, því hann fæst að sögn hennar við hluti sem þau hafa ekki þroska til að meðtaka. Einnig mun gerningalistinni bættast nýir kraftar, s.s. í mynd listfræðingsins Halldórs B. Rundólfs-sonar er dregur upp Babelsturninn næstkomandi laugardag, 10. júlí.

SFR

Tékkneski rithöfundurinn Ivan Klíma í viðtali við Kjell Olaf Jensen



IVAN KLÍMA

Tékkneskar bókmenntir eru ekki pólitískar

Eftir Kjell Olaf Jensen

KAFKA-fræðingurinn Ivan Klíma er ef til vill einn helsti rithöfundur Tékklands nú um stundir; flestar bækur hans teljast, eins og gefur að skilja, til „neðanjarðarbókmennta“. Skáldsögur hans „Ást og rusl“ og „Dómari af náð“, ásamt smásagnasafninu „Mín gullnu handverk“, hafa verið þýddar á norræn mál.

Hvert ætti samband bókmennta og pólitíkur að vera, Ivan Klíma?

Þetta er flókin spurning sem eiginlega er hægt að svara hvernig sem er. Maður getur bara lýst sinni eigin reyndu og mín reynda er sprottin úr tengslum bókmennta og almennings. Folk á von á því að allt sem skrifað er „neðanjarðar“ sé pólitískt; þetta þykir mér óheppilegt. Ríkisbákn er langtum yfirborðslegur en nokkur rithöfundur getur leyft sér að vera. Þannig hafa væntingar fólks afvegaleitt rithöfundana. Margir höfundar hafa streist á móti þessum

þrýstingi — og skrifað um vandamál-in út frá eigin skilningi, eigin vitund. Flestar þeirra bóka sem komu út utan forlaga í Tékkóslóvakíu (samtals u.þ.b. 1.000 titlar) voru ópólitískar. Vitanlega er raunveruleikinn þar líka sem baksvið en það þýðir auðvitað ekki að verkin séu pólitísk. Pólskar bókmenntir eru mun pólitískari.

Almannamenning

Eru Tékkar hræddir um að bókmenntirnar verði of pólitískar?

Havel forseti var afar pólitískur höfundur en þar að auki fundvís á góðar, bókmenntalegar líkingar. En í einu af bestu leikritum hans, „Freistingunni“, er það bara endirinn sem er pólitískur; sjálfur hefði ég fremur búist við háspekilegum endi. Í Póllandi eru hefðirnar allt aðrar, þar hafa aðall og menntamenn verið burðarás menningarinnar; pólskir menntamenn mynda lokaðan hóp. Tékkneska hefðin samanstendur af almanna-bókmenntum, almanna-menntamönnum. Málin eru brotin til mergjar á kránam af háum sem lágum. Rithöfundarnir verða ekki eins fjarlægir, hafa minni tilhneigingu til

að sökkva sér ofan í umræður um valdatafl. Þetta er ekki það sama og yfirborðsmennska. Ég er þeirrar skoðunar að bókmenntir þurfi hreint ekki að vera fullar af hástemmdum pælingum; slíkt er fyrir heimspekningu og esséi-höfunda að takast á við. Tékkneskir höfundar notuðu líkinguna fram til 1968, eftir það varð hún óþrjú. Frið urðu um hverfa ofan í jörðina hvort eð var. Um pólitíkina fjölludum við í greinum og esseium.

En bækur þínar fjalla oft um vanda rithöfundarinnar.

Já en þá eru örlög rithöfundarinnar örlög einstaklings og lýsa um leið fánalægum aðstæðum. Jú jú það er pólitískur broddur í bókunum. Smásagan „Smyglari segir frá“ er sjálfsævisöguleg að öðru leyti en því að ég læt sögumanninn vera diplómat. Að smygja bókum er pólitísk athöfn en sýnir um leið mannlegar aðstæður og svo framvegis. Það væri útilokað að skrifa án þess að minnast á aðstæðurnar — þetta kann að virðast framandlegt í augum vestrænna lesenda. Ég reyni alltaf að koma beint að efninu og skrifa alltaf með tékkneskan almenning í huga. Milan Kundera skrifar fyrir almenning í öðrum löndum. Til þess hefur hann óskoradan rétt en mér finnst ákveðin hætta felast í því að allar bókmenntir verði alþjóðlegar eins og til að

mynda þessar alþjóðlegu hótelleður.

Ferst menningin?

En skrifar höfundurinn ekki meira út frá sjálfum sér en lesendum?

Jú en hann verður náttúrulega að ná til lesenda líka. Ég reyni til dæmis að forðast að þreyta fólk, legg mig fram við að stytta mál mitt eftir föngum.

Hverjir skipa flokk óskalesenda í Tékklandi?

Ég hef átt marga vini, ekki síst unga vini sem hafa komið og fengið lánaðar bannlýstar bækur — fólk sem naut þess að lesa en ekki bókmenntavitur. Einn var járnbrautarstjóri — hann varð líka að persónu í einni af sögumum í „Mínun gullnu handverkum“.

Hafa aðstæður þínar breyst mikið eftir byltinguna?

Ekki innra með mér — en ég er glaður yfir að búa loks í frjálsum samfélagi. Menningarlífið býr hinsvegar við all flóknar aðstæður eins og er. Allt er frjálst en ungum höfundum reynist jafn erfitt og áður að fá sig útgefna, vegna markaðsaflanna. Þjóðfélagið er jafn bláfátækt og fyrr. Menntafólk hefur verið — og er — gróflega undirborgað á sama tíma og verðlag æðir uppávið. Enginn hefur efni á að fara í leikhús eða kaupa bækur. Fólk er vant öðrum aðstæðum á bókamarkaðnum. Nú